

Póst- og fjarskiptastofnun  
b/t Hrafnkels V. Gíslasonar  
Suðurlandsbraut 4, 2.h.  
108 Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2010

### Efni: Breyting á skilmálum og verðskrá

Fyrirhugað er að breyta þjónustu og verðskrá Íslandspósts frá því sem nú er þannig að boðið verði upp á tvo flokka pósts fyrir sendingar undir 50 gr. Í nýju fyrirkomulagi yrði boðið uppá eftirfarandi:

- *Almennur póstur innanlands*: Dreifing næsta virka dag eftir póstlagningu, eins og verið hefur, skv. gæðakröfum í reglugerð nr. 364/2003 og rekstrarleyfi Íslandspósts. Þessa tegund pósts geta allir nýtt sér óháð póstlögðu magni í hvert sinn.
- *Magnpóstur*: Dreifing innan fimm virkra daga frá póstlagningardegi. Þessa tegund pósts geta þeir nýtt sér sem senda 500 stk. eða fleiri í hvert sinn.

Meðfylgjandi eru skilmálar og verðskrá fyrir Almennan póst og Magnpóst. Markmið með endurskoðun á vöruframboði og verðskrá Íslandspósts er að verð endurspegli raunverulegan kostnað og afslættir endurspegli það hagræði sem næst í móttöku, vinnslu og dreifingu sendinga.

Helstu ástæður þessara fyrirhuguðu breytinga eru eftirfarandi:

- Mæta minnkandi bréfamagni og auknum kostnaði við vinnslu og dreifingu bréfaþósts.
- Viðskiptavinir hafa látið í ljós óskir um meira val þar sem þeir hafa tök á að velja ódýrari lausnir. Þetta kallar á aukna hagræðingu með breytingum á vöruframboði.
- Þjónusta í nágrannalöndum okkar er sambærilegt því nýja kerfi sem fyrirhugað er.

Eins og Póst- og fjarskiptastofnun er kunnugt um hefur magn bréfaþósts hjá Íslandspósti dregist verulega saman undanfarin misseri og er það í samræmi við reynslu annarra þjóða. Auk þess hafa á sama tímabili orðið ýmsar kostnaðarhækkningar m.a. vegna aukinna opinberra gjalda auk almennra launa- og kostnaðarhækkana. Í ljósi þess teljum við það tímabært og nauðsynlegt að gera ofangreindar breytingar á vöruframboði Íslandspósts.

Íslandspóstur hefur í hyggju að breyta verðskrá þannig að mismunandi grunnverð sé á Almennum pósti og Magnpósti og óskar samþykkis fyrir eftirfarandi verðbreytingum:

- Almennur póstur innanlands: 105 kr.
- Magnpóstur: 60 kr.

Verðmunurinn liggur meðal annars í því að Magnpóstur er að mestu leyti póstagður í Póstmiðstöð og ber því að litlu leyti kostnað við móttöku á pósthúsum ásamt því sem hagræði næst með dreifingu á fimm dögum ofl.

Breytingin mun hafa í för með sér verðbreytingar fyrir suma viðskiptavinum, t.d. mun verð hjá stórum viðskiptavinum hækka en endurskoðun á afsláttarkerfinu hefur leitt í ljós að hæstu afslættir hafa verið hlutfallslega of háir þar sem kostnaðarhagræðið hjá Íslandspósti var ekki að fullu í samræmi við hæstu afslætti til viðskiptavina. Verð hjá öðrum viðskiptavinum mun aftur á móti lækka.

Í nýjum skilmálum eru skýrari kröfur um frágang pósts sem nýtur afsláttar, er það gert í þeim tilgangi að afsláttur sé veittur vegna hagræðis í vinnslu sem leiðir af rétt frágengnum pósti.

Við ákvörðun á vöruframboði og skipulagi breifadreifingar hefur verið tekið mið af því hvernig fyrirkomulagið hefur verið hjá nágrannalöndum okkar og höfum við á margan hátt horft til fyrirkomulags og reynslu Post Danmark. Þess ber að geta að Post Danmark hefur nýlega tilkynnt um allt að 45% hækkun á bréfum til að mæta minnkandi magni.

Hafa verður í huga að verðlagning á hverjum tíma þarf að taka mið af forsendum t.d. um magnminnkun og hlutfallslega skiptingu milli Almenns pósts og Magnpósts. Að baki ofangreindri breytingu liggja fyrir ítarlegir útreikningar hjá Íslandspósti.

Breytingin mun leysa af almenna verðskrá, stórnotendaverðskrá og afslætti sem nú eru í gildi hjá Íslandspósti.

Virðingarfyllst,



Anna Katrín Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri Markaðs- og sölusviðs.

Hjálagt:

1. Verðskrá fyrir Almennan póst innanlands og Magnpóst
2. Skilmálar fyrir Almennan póst innanlands og Magnpóst